



Fundargerð hreppsnefndar 05. mars 2015

Fundur nr. 17 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 5. mars 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Friðrik Óli Atlason, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir, Magnús Þór Róbertsson og Einar Björn Kristbergsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a. Velferðarnefndar dags. 4. nóvember og 4. desember 2014

Samþykkt að vísa til viðhaldsáætlunar sveitarfélagsins gerð bílastæða ofan og neðan Sundabúðar, sbr. 4. tl. í dagskrá fundargerðar frá 04.12.14. Eins undir sama lið að salur íþróttahúss verði opinn til almennrar hreyfingar á ákveðnum tímum vikunnar. Sveitarstjóra falið að fylgja málunum eftir. Fundargerðirnar síðan samhljóða samþykktar.

b. Fræðslunefndar dags. 11. febrúar 2015

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

c. Menningarmálanefndar dags. 11. febrúar 2015

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

d. 17. fundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 11. febrúar 2015

Sveitarstjórn tekur undir bókun í 4. tl. þar sem skorað er á innanríkisráðherra að tryggja fjármagn til viðhaldsframkvæmda. Bókunin er svohljóðandi:

Stjórn skorar á innanríkisráðherra að tryggja fjármagn til viðhaldsframkvæmda á höfnum til næstu ára í samræmi við nýsamþykktar breytingar á hafnlögum. Fjölmargar hafnir aðildarsveitarfélaga samtakanna eru komnar í viðhaldspörf og mikilvægt að í samgönguáætlun og fjárlögum næstu ára verði tryggt fjármagn til viðhaldsframkvæmda. Samtökin minna á að sérstök veiðigjöld skila ríkissjóði umtalsverðum tekjum, en réttlætismál er að hluti þeirra renni aftur til sjávarútvegssveitarfélaganna.

2. Almenn mál:

a. Umsögn um frumvarp til laga um orlof húsmæðra

Lagt fram til kynningar.

b. Bréf frá Ferðamálasamtökum Vopnafjarðar

Samþykkt að fela sveitarstjóra að vinna að áætlun um málið í samráði við samtökin og leggja fyrir viðeigandi nefndir, þ. e. atvinnu- og ferðamálanefnd og skipulags- og umhverfisnefnd.

c. Veðurstöð fyrir Vopnafjarðarhöfn

Samþykkt að fela sveitarstjóra að vinna málið áfram í samstarfi við hafnarvörð.

d. Drög að samningi um Skólaskrifstofu Austurlands lagður fram til afgreiðslu og kosning fulltrúa Vopnafjarðarhrepps á auka aðalfund Skólaskrifstofu Austurlands sem haldinn verður 6. mars nk. Samþykkt samhljóða að sveitarstjóri fari til fundar f. h. sveitarfélagsins. Samningur um Skólaskrifstofu Austurlands einnig samþykktur samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða – fundi slitið kl. 16:55.